

Fundargerð aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2022 og 2021

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn þriðjudaginn 28. mars 2023 kl:12:00 í fjarfundi.

Mætt voru: Jón Björn Hákonarson, Sara Svansdóttir, Helgi Gíslason og Björn Ingimarsson auk Snorra Styrkárssonar fjármálastjóra Fjarðabyggðar, Guðlaugs Sæbjörnssonar fjármálastjóra Múlaþings og Þórðar Vilbergs Guðmundssonar forstöðumanns stjórnsýslu- og upplýsingamála Fjarðabyggðar.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2021

Ársreikningur ársins 2021 lagður fram og samþykktur samhljóða.

2. Ársreikningur Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2022

Ársreikningur ársins 2022 lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Tillaga um slit á A deild Skólaskrifstofu Austurlands um fræðslumál

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands samþykkir að slíta og gera upp A deild Skólaskrifstofu Austurlands frá og með 31.12. 2022. Samþykkt er að miða uppgjör skuldbindinga A hluta skólaskrifstofu við íbúatölu aðildarsveitarfélaganna í árslok 2022. Eignir og skuldbindingar A hluta Skólaskrifstofu Austurlands taka mið af stöðu lífeyrisskuldbindingar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skammtímaeignir og handbært fé og fasteignamat fasteignar félagsins samkvæmt ársreikningi 31.12. 2022. Áætluð skuldbinding til skipta er neikvæð um 31,1 milljón króna. Endanleg niðurstaða skuldbindingarinnar fæst eftir að fasteign félagsins að Búðareyr 4 á Reyðarfirði hefur verið seld og verður þá endanlega útfærð á grunni íbúafjölda í árslok 2022.

4. Boðun aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands samþykkir að beina því til aðildarsveitarfélaganna að öllum rekstri byggðasamlagsins verði hætt í árslok 2023 og því slitið á grundvelli stöðu rekstrar og efnahags í árslok ársins 2023. Í því felst að samstarf um rekstur þjónustusvæðis fatlaðs fólks á Austurlandi verður hætt frá og með 1.1. 2024 og aðildarsveitarfélögin sjálf taki við þjónustusvæðinu vegna þjónustu við fatlað fólk. Uppgjör endanlegra slita byggðasamlagsins um Skólaskrifstofu Austurlands verður byggt á stöðu þessi í árslok 2023 og gert verður sérstakt samkomulag um ráðstöfun eigna og skuldbindinga í því uppgjöri.

5. Skipan stjórnar byggðasamlagsins Skólaskrifstofa Austurlands

Samkvæmt samþykkt byggðasamlagsins skulu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga skipa stjórn Skólaskrifstofu Austurlands. Lagt er til að Jón Björn Hákonarson skipi sæti Fjarðabyggðar, þó hann láti af störfum bæjarstjóra 1.4. 2023, fram að slitum samlagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:12:20.

Fundargerð ritar Snorri Styrkársson

